

LESTRARNÁM BARNNA OG UNGLINGA

Samstarf heimila og skóla

Þelamerkurskóli 14. feb. 2017

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir ragnheidur@unak.is



LESTRARKENNSLA

Til að verða betri lesari, sagði mamma,
verðurðu að lesa allt sem þú sérð.
Ef þú ert á gangi eftir götunni ættirðu að
lesa á umferðarskiltin.
Ef þú ert á veitingahúsi ættirðu að lesa
morgunverðarmatseðilinn þótt þú sért þar aðeins
til að borða kvöldverð.
Heimurinn er ein stór bók.
Orð eru alls staðar. Þau eru í skónum þínum
& á miðanum á nærbuxunum þínum.
Og þegar þú eldist verðurðu
fær um að lesa svipbrigðin á andlitum.
En leyfðu mér að vara þig strax við því að ef stelpa
óvart brosir við þér þá þýðir það ekki
að þú eigir að lesa svo mikið út úr því.

(H. Sirowitz í þýðingu AÁS)

Miðstöð skólaþróunar við HA



BROSKARLAKVARÐI

Hvernig finnst þér þú vera í stakk búinn til að styðja við lestrarnám barnsins þíns?

Settu einn límmiða á þann staða á kvarðanum sem kemst hvað næst svari þínu.



UM SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA Í AÐALNÁMSKRÁ

- Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla.
- Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla.
- Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð.
- Foreldrar skulu eiga kost á að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.
- Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásað um og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna.



LESTUR EÐA LÆSI?

LESTUR

- Tæknileg færni, að geta tengt saman stafi og hljóð og lesið texta
- Byggir fyrst og fremst á tæknilegri færni svo sem hljóðkerfisvitund og stafafekkingu

LÆSI

- Að geta lesið, skilið, skynjað, túlkað, gagnrýnt og miðlað texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins.
- Byggir á tæknilegri færni, hljóðkerfisvitund, orðaforða, skilningi, bakgrunnsþekkingu, tjáningu, hlustun, ritun, miðlun, sköpun, samræðu.



LÆSI – AF HVERJU UMFJÖLLUN UM LÆSI?

- Læsi er undirstaða alls ævináms.
- Hvað er læsi?
 - orðaforði
 - skilningur
 - lestur
 - hlustun
 - ritun
 - tjáning
 - sköpun



NEMENDUR SEM BÚA YFIR GÓÐRI LESTRARFÆRNI

- átta sig á misjöfnum tilgangi lestrar
- eru meðvitaðir um hvernig þeir lesa
- stjórna lestrinum með því að ákveða hvort skilningur hefur átt sér stað
- spá fyrir um hvað þeir munu lesa um í næstu efnisgrein
- einbeita sér að meginhugmyndum fremur en smáatriðum
- geta greint uppbyggingu texta
- vita hvenær þeir eiga að biðja um aðstoð
- yfirfæra þekkingu, viðhorf og færni á nýjar aðstæður

(Brown, 1982 í Ivring 1990)



NÁMSVITUND OG LESTUR

Áður en lesið er:

- Tilgangur minn með þessum lestri?
- Vitneskja um um efnið fyrir lestur?
- Veit ég nóg til að hraðlesa eða ætti ég að lesa efnið rólega og vandlega og etv. að glósa?
- Skipulag texta?
- Megin orð sem hjálpa mér að skilja?

Á meðan lesið er:

- Skil ég það sem ég er að lesa?
- Hvað var ég að lesa rétt áðan? (samantekt)
- Hvernig tengjast hugmyndir í einni efnisgrein þeirri næstu?
- Hvað mun ég læra í næstu efnisgreinum eða næsta kafla?

Að lestri loknum:

- Hvaða meginhugmyndir voru í textanum sem ég var að lesa?
- Hvað lærði ég sem var nýtt fyrir mig?
- Hvað geri ég við þessar upplýsingar?

(Sjá Grellet og Irving)



KASTÉLY REPÜLŐ

A repülő kastély

Egyszer volt, hol nem volt, hetedhét országon is túl
 volt, volt egyszer egy szegény ember meg egy szegény
 asszony. Nagyon nagy szegénységben éltek. Mégis
 mindig azon tűnődtek, hogy önekik miért nem lehetett
 gyerekük. Volt egy almafájuk. Egy szép őszi napon kiment
 az asszony a kertbe. Amint az almafa mellé ért, egyszerre
 lepottyan arról három alma. A földön pedig csak kettéválik
 a három alma, és három egészséges, gyönyörű kis
 csecsemő fordult ki belőlük. Mind a három fiúgyermek volt.

Sótt 1. september 2008 af <http://www.meseoldal.extra.hu/mese9.htm>



Svmkmaæt rnsanókn við Cmabrigde hkoásla þá stkpiir
 ekki mlái í hðvaa röð stfiar í oðri eru, það enia sem stikipr
 mlái er að frtsyi og stíasði stinaurfn séu á rtéutm satð. Aillr
 hniir sfitarnir gtea vireð í aðljrgu rlgui en þú gtuer smat
 lseið það aðvuledlgea. Áæðsatn fiyrr þsesu er að
 mnashgrniuun les eiki hrevt orð fryir sig hleudr oirðð sem
 hiled.



GOOD EXAMPLE OF A BRAIN STUDY. IF YOU
CAN READ THIS YOU HAVE A STRONG MIND.

7H15 M3554G3
53RV35 7O PR0V3
H0W 0UR M1ND5 C4N
D0 4M4Z1NG 7H1NG5!
1MPR3551V3 7H1NG5!
1N 7H3 B3G1NN1NG
17 WA5 H4RD BU7
N0W, 0N 7H15 LIN3
Y0UR M1ND 1S
R34D1NG 17
4U70M471C4LLY
W17H 0U7 3V3N
7H1NK1NG 4B0U7 17,
B3 PROUD! 0NLY
C3R741N P30PL3 C4N
R3AD 7H15.
PL3453 5H4R3 1F
U C4N R34D 7H15.

WITITUPES.COM

Miðstöð skólaþróunar við HA

11



Vinna með upplýsingar

(information processing)

- safna gögnum
- raða og flokka
- röðun og samhengi
- bera saman og sundurgreining
- greina hluta og heildir

Skapandi hugsun

(creative thinking)

- setja fram og útvíkka hugmyndir
- setja fram tilgátu
- leita að öðrum möguleikum/lausnum
- beita ímyndunaraflinu

Thinking skills samkvæmt
National Curriculum í Bretlandi

Færni við öflun upplýsinga

(enquiry)

- spyrja spurninga
- skipuleggja hvað á að gera
- spá fyrir um niðurstöðurnar

Röksemdir

(reasoning)

- færa fram rök – rökstyðja
- draga ályktanir – aðleiðsla
- útskýra
- taka ákvarðanir

Mat

(evaluation)

- setja fram viðmið
- vega og meta upplýsingar

Miðstöð skólapróunar við HA

13

**AÐ META EIGIN LESTUR/LÆSI**

- Hvernig lesari er ég?
 - Hvernig lesefni vel ég?
 - Á ég í vanda með einhvern þátt lestrar/læsis?
 - Er ég jafnvíg/ur á allar gerðir texta? (prentaðan, rafrænan, kort og gröf, leiðbeiningar, myndrit, myndmál.....)
- Hvernig les barnið mitt? Hvernig lesendur eru börnin okkar? (Eru þau áhugasamir og virkir lesendur? Hafa þau gott vald á umskráningu, lesskilningi og miðlun. Hvernig lesefni kjósa þau? Lesa þau námsefnið?)
- Hvaða leiðir hef ég til að finna út úr því og meta?

Miðstöð skólapróunar við HA

14



FJÖLBREYTT LESEFNI

- Rafbækur eða prent
- Spennusögur
- Leiðbeiningar
- Matreiðslubækur
- Námsbækur
- Myndasögur
- Ástarsögur
- Dramatískar sögur
- Vísindarit
- Sagnfræði
- Bæklingar
- Töflur og gröf
- Listar og skrár
- Fréttablöð
- Pistlar
- Sögur úr heimabyggð
- Þjóðsögur og ævintýri
- Umbúðir (mjólk og morgunkorn)
- Söngtextar
- Ljóðabækur



AÐ LESA SÉR TIL ÁNÆGJU - YNDISLESTUR

„Til að efla læsi er gríðarlega mikilvægt að kenna börnum að njóta lestrar frekar en aðeins að lesa” (sbr. Lockwood og Goodwin 2008)

„Fullorðnir þurfa að hafa mikla þekkingu á fjölbreyttum textum fyrir börn – ekki einungis á sögum heldur einnig fræðandi textum og ljóðum” (Goodwin 2008)

„Fullorðnir þurfa að vera færir um að nota bækur og deila þeim með börnum, bókum sem hafa áhrif á þau og þau verða upptekin af – og samtímis þurfa börn bækur sem þau geta gripið upp og lesið við þægilegar aðstæður, svo þau upplifi það að vera bókhneigður” (Goodwin 2008)

Slóð sótt 10. september 2008 frá: http://www.eurekalert.org/pub_releases/2008-07/spu-rfp070708.php

Lestur á rafrænu formi færir mjög í vöxt.

Rannsóknir gefa til kynna að rafbækur og textar á rafrænu formi geti aukið áhuga nemenda á lestri. Hvatning og umræður um lesturinn skiptir miklu máli.

http://www.literacytrust.org.uk/research/nlt_research/6185_the_impact_of_ebooks_on_the_reading_motivation_and_reading_skills_of_children_and_young_people

Miðstöð skólaþróunar við HA



RANNSÓKNIR SÝNA AÐ YNDISLESTUR TENGIST

- árangri í lestri og ritunarfærni innan og utan skóla
- lesskilningi og málfræði
- miklum orðaforða
- jákvæðum viðhorfum til lestrar, sem aftur tengist árangri í lestri
- auknu **sjálfstrausti** sem lesari
- lestri sér til ánægju seinna á lífsleiðinni.

Clark, C. og Rumbold, K. (2006:9)
<http://www.literacytrust.org.uk/research/Reading%20for%20pleasure.pdf>

Miðstöð skólaþróunar við HA



HVERNIG GETUM VIÐ AUKIÐ ÁHUGA NEMENDA?

- Tala við nemendur
- Ræða um áhuga og tilgang
- Tengja við reynsluheim nemenda
- Hjálpa nemendum að tengja við sína fyrri þekkingu
- Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Tryggja sjónræna nálgun í bland við heyrnræna
- Hafa samvinnu sem rauðan þráð í náminu
- Greina sterkar hliðar nemenda og nýta þær í náminu



HEIMALESTUR

- *Tala saman* um orð og merkingu orða, hvar sem er – hvenær sem er
- Ákveða nokkurn veginn tíma dags – rútína?
- Vera sveigjanlegur, finna aðrar leiðir ef ein hentar ekki – plan B
- Taka ákvörðun um að vera saman í liði að bættum árangri í læsi og námi
- Skuldbinda sig verkefninu
- Ræða um lestur - hvað er að lesa, hvernig les ég, hvað les ég
- Hafa fjölbreytt lesefni aðgengilegt og tengja við reynsluheim barnanna



FJÖLBREYTTAR LEIÐIR

Yngri lesendur

- lesa í kór
- skiptast á (orð/lín/bls.)
- for. les fyrst og svo barn (má herma ef fingur er undir)
- lesa og segja frá
- ræða fyrst erfið orð og lesa svo
- lesa aftur sömu bls.
- barn les eina bók/foreldri eina bók
- [Lestrarbingó](#)
- [Bókabingó](#)

Eldri lesendur

- velja eina frétt á mann, segja frá
- lesa og segja frá, bókadómur
- samræða um erfið orð í fréttum/fjölmíðlum
- leshópar, t.d. barn og foreldrar að lesa sömu bókina, s.s. Harry Potter, ræða um innihald hvers kafla fyrir sig
- lestrarkeppni innan fjölskyldu
- lesa um áhugamál og segja frá
- lesa um fræga persónu og segja frá
- barn velur frétt eða pistil af netinu fyrir foreldra til að lesa og öfugt



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hægt er að fara ýmsar leiðir til að styðja við lestrarnám barna. Gott að er hafa fjölbreyttar leiðir til taks til að koma í veg fyrir leiða. Mikilvægt er að ræða reglulega við kennara barnsins um þær leiðir sem farnar eru og um þróun lestrarnámsins. Haka má í fleiri en einn dálk hverju sinni.

Lesefni	Dags.	Barn les Foreldri hlustar	Foreldri les Barn hlustar	Lesið til skiptis	Leikur með stafi og hljóð	Umræða um innihald þess sem lesið var	Umræða um orð og orðatiltæki	Lesið í hljóði/yndislestur
Skúli skelfir	24.11	✓					✓	
Sírrý í Vigur	25.11			✓		✓		



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

ALLIR LESA

[Skemmtilegt lestrarhvetjandi verkefni á landsvísu](#)

